

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að farið sé að reglum um útgáfu gæðaskjala og úgáfu gæðaskjala í gæðahandbók sér stýrt. Verklagsreglan gildir um öll skjöl sem gefin eru út í gæðahandbók Tækniskólans.

Ábyrgðir

Ábyrgðaraðili ber ábyr**gð á að v**erklagsreglan sé **u**ppfærð, henni viðhaldið og að unnið sé samkvæmt henni
Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsfólk í þeirra **skóla / þei**rra deild starfi eftir verklagsreglunni
Starfsfólk ber ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni

Lýsing verkþátta

1 Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili skjals í gæðahandbók uppfærir eða býr til nýtt skjal eftir reglum um skjöl í gæðahandbók. Gæðastjóri aðstoðar við gerð skjala eftir þörfum. Ábyrgðaraðilar þurfa sérstaklega að hafa í huga kröfur staðlanna ISO 9001 (gæðastaðall) og ÍST 85 (jafnlaunastaðall) þegar skjöl sem hafa kröfukafla annars eða beggja þessara staðla sem lýsigagn skjals svo uppfærslur geti ekki valdið því að kröfur séu ekki uppfylltar með fullnægjandi hætti.

2 Ábyrgðaraðili

Eigandi sendir skjal til gæðastjóra til samþyk**kar.**

3 Gæðastjóri - Samþykkt?

Gæðastjóri fer yfir skal með tilliti til reg**lna um skjöl í gæðahandbók og** krafa staðla og samþykkir eða hafnar skjali, Ef skjali er hafnað er skjal endursent til eiganda með athugasemdum.

4 Gæðastjóri – Gefur út skjal í gæðakerfi

Gæðastjóri gefur út skjal í gæðakerfi skv. re**glum um skjöl í gæðahandbók.**

5 Gæðastjóri – Sendir til samþykktar eiganda og ábyrgðarmanns

Gæðastjóri sendi vistað skjal til eiganda skja**ls og ábyrgðarmanns til samþykktar.**

6 Ábyrgðarmaður/eigandi - Samþykkt?

Eigandi og ábyrgðarmaður samþykkja eða hafna skali. Ef skjali er hafnað er skal senda g**æðastjóra upplýsingar ásamt athugasemdum**.

7 Gæðastjóri - Uppfærir skjal

Gæðastjóri uppfærir skjal eftir athugasemdum og sendir til eiganda og ábyrgðarmanns til samþykktar.

8 Ábyrg**ðaraðili – Kynnir nýtt/uppfært skj**al fyrir notendum

Eigandi gæðaskjals kynnir uppfært/nýtt skjal fyrir notendum skjalsins með kynningu á fundi**, eða í netpósti allt eftir eðli máls.**